

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2013/14/ESB

2019/EES/92/01

frá 21. maí 2013

um breytingu á tilskipun 2003/41/EB um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri, tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) og tilskipun 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða að því er varðar oftraust á lánshæfismót (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópu-sambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu (1),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (2),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB (4) kveður á um eftirlit á vettvangi Sambandsins með stofnunum um starfstengdan lífeyri. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB (5) kveður á um eftirlit á vettvangi Sambandsins með verðbréfasjóðum (UCITS).

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 145, 31.5.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB C 167, 13.6.2012, bls. 2.

(2) Stjttíð. ESB C 229, 31.7.2012, bls. 64.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. janúar 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 13. maí 2013.

(4) Stjttíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10.

(5) Stjttíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB (6) kveður, á sama hátt, á um eftirlit á vettvangi Sambandsins með rekstraraðilum sérhæfðra sjóða (AIFMs). Allar þrjár tilskipanir koma á varfæriskröfum að því er varðar áhættustýringu stofnana um starfstengdan lífeyri, rekstrar- og fjárfestingarfélagu að því er varðar verðbréfasjóði og rekstraraðila sérhæfðra sjóða, eftir því sem við á.

2) Meðal áhrifa fjármálakreppunnar var að fjárfestar, þ.m.t. stofnanir um starfstengdan lífeyri, verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir, fóru að treysta um of á lánshæfismat við fjárfestingar sínar í skuldageringum, án þess endilega að framkvæma eigið mat á lánstrausti útgefenda slíkra skuldageringa. Til að auka gæði fjárfestinga stofnana um starfstengdan lífeyri, verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða og, þar af leiðandi, vernda fjárfesta í þessum sjóðum, þykir rétt að krefjast þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri, rekstrar- og fjárfestingarfélag, að því er varðar verðbréfasjóði, og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða forðist það að treysta eingöngu eða vélrænt á lánshæfismat eða nota það sem einu breytuna við mat á áhættu í tengslum við fjárfestingar stofnana um starfstengdan lífeyri, verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða. Almenna meginreglan gegn oftrausti á lánshæfismati ætti því að vera samþætt áhættustýringarferlum og -kerfum stofnana um starfstengdan lífeyri, rekstrar- og fjárfestingarfélagu, að því er varðar verðbréfasjóði, og rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og aðlöguð að sérstökum eiginleikum þeirra.

3) Til að tilgreina nánar almennu meginregluna gegn oftrausti á lánshæfismati, sem ætti að taka upp í tilskipunum 2009/65/EB og 2011/61/ESB, skal framkvæmdastjórninni falin valdheimild til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til að tryggja að komið sé í veg fyrir á skilvirkan hátt að rekstrar- og fjárfestingarfélag,

(6) Stjttíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1.

að því er varðar verðbréfasjóði, og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða treysti um of á lánshæfismat við mat á lánstrausti eigna í þeirra eigu. Hvað þetta varðar þykir rétt að breyta valdheimildum framkvæmdastjórnarinnar í þessum tilskipunum til að samþykka framseldar gerðir sem varða almennar reglur um áhættustýringarferli og -kerfi sem rekstrar- og fjárfestingarfélag, að því er varðar verðbréfasjóði, og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða nota. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, m.a. við sérfræðinga, og að hún birti niðurstöður samráðsins. Framkvæmdastjórnin ætti, við undirbúning og samningu framseldra gerða, að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

- 4) Viðeigandi ráðstafanir sem settar eru fram í þessari tilskipun skulu koma til fyllingar öðrum ákvæðum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki<sup>(1)</sup>. Þessi ákvæði kveða á um almenna markmiðið um að draga úr oftrausti fjárfesta á lánshæfismati og ættu að auðvelda að markmiðið náist.
- 5) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar með samræmdum hætti, þ.e. að stuðla að því að dregið sé úr því að stofnanir um starfstengdan lífeyri, verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir treysti um of á lánshæfismat við fjárfestingar sínar, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna skipulags og starfsemi stofnana um starfstengdan lífeyri, verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða og lánshæfismatsfyrirtækja þvert á Sambandið, er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 6) Því ætti að breyta tilskipunum 2003/41/EB, 2009/65/EB og 2011/61/ESB til samræmis við það.
- 7) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl<sup>(2)</sup>, hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningu um lögleiðingarráðstafanir fylgja með einu eða fleiri skjölum sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingagerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

### Breyting á tilskipun 2003/41/EB

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 18. gr. tilskipunar 2003/41/EB:

„1a. Með tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs starfsemi stofnananna sem haft er eftirlit með skulu aðildarríkin tryggja að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með lánshæfismatsferlum stofnananna, meti notkun tilvísana í lánshæfismat sem gefið er út af lánshæfismatsfyrirtækjum, eins og þau eru skilgreind í b-lið 1. mgr. 3. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (\*), í fjárfestingarstefnum sínum og, eftir því sem við á, hvetja til að dregið sé úr áhrifum slíkra tilvísana, með það í huga að draga úr því að treyst sé eingöngu og vélrænt á þess konar lánshæfismat.

(\*) Stjútíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.“

2. gr.

### Breytingar á tilskipun 2009/65/EB

Ákvæðum 51. gr. tilskipunar 2009/65/EB er breytt sem hér segir:

- 1) í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Rekstrar- eða fjárfestingarfélag skal beita áhættustýringarferli sem gerir því kleift að vakta og meta stöðuáhættu á hverjum tíma og hlut hennar í heildaráhættusniði verðbréfasafns verðbréfasjóðs. Einkum skal það ekki treysta eingöngu eða vélrænt á lánshæfismat sem gefið er út af lánshæfismatsfyrirtækjum eins og þau eru skilgreind í b-lið 1. mgr. 3. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki(\*) við mat á lánstrausti eigna verðbréfasjóðsins.

(\*) Stjútíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.“

- 2) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Lögbær yfirvöld skulu, með tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs starfsemi verðbréfasjóðsins, hafa eftirlit með því að lánshæfismatsferlar rekstrar- eða fjárfestingarféлага séu fullnægjandi, meta notkun tilvísana í lánshæfismat, eins og um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., í fjárfestingarstefnum

(1) Stjútíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

(2) Stjútíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

verðbréfasjóða og, eftir því sem við á, hvetja til að dregið sé úr áhrifum slíkra tilvísana, með það í huga að draga úr því að treyst sé eingöngu og vélrænt á slík lánsþæfismöt.“

3) ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

a) í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) viðmiðanir við mat á því hvort áhættustýringarferlið, sem rekstrar- eða fjárfestingarfélag notar í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr., sé fullnægjandi“,

b) eftirfarandi undirliður bætist við:

„Viðmiðanirnar sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar skulu tryggja að komið sé í veg fyrir að rekstrar- eða fjárfestingarfélagið treysti eingöngu eða vélrænt á lánsþæfismat, eins og um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., við mat á lánstrausti eigna verðbréfasjóðsins.“

3. gr.

#### Breytingar á tilskipun 2011/61/ESB

Ákvæðum 15. gr. tilskipunar 2011/61/ESB er breytt sem hér segir:

1) í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skulu innleiða fullnægjandi áhættustýringarkerfi til að geta með viðeigandi hætti greint, mælt, stýrt og haft eftirlit með allri áhættu sem á við fjárfestingaráætlun hvers sérhæfðs sjóðs og sem hver og einn sérhæfður sjóður verður eða kann að verða fyrir. Einkum skulu rekstraraðilar sérhæfðra sjóða hvorki treysta eingöngu né vélrænt á lánsþæfismat sem gefið er út af lánsþæfismatsfyrirtækjum, eins og þau eru skilgreind í b-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki(\*), við mat á lánstrausti eigna sérhæfðra sjóðsins.

(\*) Stjtfð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.“

2) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Lögbær yfirvöld skulu, með tilliti til eðlis, umfangs og flækjustígs starfsemi sérhæfðra sjóðsins, hafa eftirlit með því að lánsþæfismatsferlar rekstraraðila sérhæfðra sjóða séu fullnægjandi, meta notkun tilvísana í

lánsþæfismat, eins og um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., í fjárfestingarstefnum sérhæfðra sjóða og, eftir því sem við á, hvetja til að dregið sé úr áhrifum slíkra tilvísana, með það í huga að draga úr því að treyst sé eingöngu og vélrænt á þess konar lánsþæfismat.“

3) eftirfarandi undirgrein bætist við 5. málsgrein:

„Ráðstafanirnar sem tilgreina áhættustýringarkerfin, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, skulu tryggja að komið sé í veg fyrir að rekstraraðilar sérhæfðra sjóða treysti eingöngu eða vélrænt á lánsþæfismat, eins og um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., við mat á lánstrausti eigna sérhæfðra sjóðsins.“

4. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. desember 2014. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

#### Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. maí 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. CREIGHTON

forseti.